

**SAMÞYKKTIR SAMTAKA ATVINNUREKENDA Á AKUREYRI OG
NÁGRENNI**



8. maí 2014

I. kafli
Nafn Samtakanna, heimili og tilgangur

1. gr.

- 1.1. Samtökin heita Samtök atvinnurekenda á Akureyri og nágrenni, skammstafað SATA.
- 1.2. Heimili samtakanna og varnarþing er hið sama og formanns hverju sinni.

2. gr.

- 2.1. Samtökin eru ópólitísk. Tilgangur samtakanna er:
 - 2.1.1. Að gæta hagsmuna rekstraraðila á Akureyri og nágrenni og vera vettvangur fyrir umræður, tengslanet og nýsköpun á svæðinu.
 - 2.1.2. Að standa að verkefnum sem miða að eflingu, nýsköpun og samvinnu fyrirtækja á Akureyri og nágrenni.,
 - 2.1.3. Að vera málsvari hagsmunaaðila varðandi skipulagsmál, umhverfismál og aðra málaflokka og þjónustu sem snýr t.d. að Akureyrarbæ eða öðrum opinberum aðilum.
 - 2.1.4. Að beita sér fyrir umræðum, fræðslu og aðgerðum um atvinnumál á Akureyri og nágrenni.
 - 2.1.5. Að beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um atvinnulíf á svæðinu auka annarra jákvæðra fréttu.
 - 2.1.6. Stuðla að tengslum milli rekstraraðila á Akureyri og nágrenni.

II. kafli
Aðild og árgjald

3. gr.

- 3.1. Rekstraraðilar á Akureyri og nágrenni sem hafa vsk-númer geta orðið fullgildir aðilar að samtökunum. Styrktarfélagar geta þeir orðið sem lýsa yfir stuðningi við markmið samtakanna og vilja vinna að þeim. Styrktarfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum. Aðeins fullgildir félagar hafa atkvæðisrétt í samtökunum.

4. gr.

- 4.1. Árgjald félagsmanna skal ákveðið fyrir hvert starfsár á aðalfundi. Gjaldþagi þess skal vera 15. mars og eindagi 15. apríl ár hvert.
- 4.2. Félagar sem skulda árgjald á eindaga missa atkvæðisrétt í samtökunum þar til skuldin er að fullu greidd. Félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjald sitt um áramót falla sjálfkrafa úr félagsskrá 1. janúar það ár. Félagismaður getur ekki öðlast félagsréttindi á ný nema eldri skuld sé uppgerð.

III. kafli
Stjórn samtakanna

5. gr.

- 5.1. Stjórn samtakanna skipa fimm einstaklingar, formaður, ritari og þrjú meðstjórnendur, þar af skal a.m.k einn meðstjórnandi vera úr röðum rekstraraðila sem er með starfsemi á Akureyri og nágrenni en ekki með lögheimili þar.
- 5.2. Allir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Úr stjórninni ganga annað árið tveir menn en hitt árið þrjú menn.
- 5.3. Kjósa skal þrjú varamenn í stjórn, einn annað hvert ár og tvo hitt árið.
- 5.4. Kjósa skal tvo skoðendur reikninga þriðja hvert ár.
- 5.5. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Komi til atkvæðagreiðslu í fjarveru aðalmanna, taka varamenn sæti í aðalstjórn.

IV. kafli
Stjórnarfundir, félagsfundir og aðalfundur

6. gr.

- 6.1. Stjórnin skipar með sér verkum og stýrir málefnum samtakanna milli aðalfunda. Formaður skal boða stjórnarfundi og stjórna þeim. Formanni er skylt að boða stjórnarfund ef þrjú stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef minnst þrjú stjórnarmenn eru mættir á fund.
- 6.2. Stjórn tekur ákvarðanir um málefni félagsins á stjórnarfundum. Sé um meiriháttar ákvarðanir eða ráðstafanir að ræða skal ákvörðun tekin á lögmætum félagsfundi eða aðalfundi. skal þá getið um fundarefni í fundarboði.
- 6.3. Ritari heldur gerðarbók á fundum og geymir bækur og skjöl félagsins.

7. gr.

- 7.1. Stjórn félagsins boðar félagsfund eins oft og þurfa þykir. Sama er ef minnst tíu félagar æskja þess skriflega og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu í opinberum fréttamiðli eða bréflægri tilkynningu.
- 7.2. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og minnst tíu lögmætir félagar sitja hann, sbr. ákvæði greinar 3.1. Afl atkvæða skal ráða úrslitum allra mála á fundum félagsins nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

8. gr.

8.1. Aðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Aðalfund skal boða í opinberum fréttamiðlum með minnst viku fyrirvara. Telst aðalfundur löglegur uppfylli hann skilyrði ákvæði greinar 8.2.

8.2. Dagskrá aðalfundar skal vera:

- 8.2.1. Skýrsla stjórnar um störf samtakanna á liðnu ári.
- 8.2.2. Reikningar umliðins fjárhagsárs skulu skýrðir og lagðir fram til samþykktar.
- 8.2.3. Félagatal.
- 8.2.4. Breytingar á samþykktum félagsins ef einhverjar eru.
- 8.2.5. Ákvörðun um ársgjald félaga.
- 8.2.6. Kosningar.
- 8.2.7. Önnur mál.

V. kafli
Ýmis ákvæði

9. gr.

9.1. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

10.1. Samþykktum samtakanna verður ekki breytt nema á lögsmætum aðalfundi, sbr. ákvæði greinar 8.2. Tillögur að breytingum, hvort sem er að frumkvæði félagsmanna eða stjórnar, skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skal þeirra getið í fundarboði til aðalfundar.

10.2. Breytingar skulu aðeins samþykktar að 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna aðalfundar samþykki breytingarnar.

11. gr.

11.1. Tillögur um félagsslit skulu sæta sömu meðferð og breytingar á samþykktum, sbr. ákvæði 11. gr. laganna.

11.2. Komi til þess að félaginu verði slitið skulu eignir þess renna til viðskiptadeildar Háskólans á Akureyri.

11.3. Ákvæði greinar 11.2. á ekki við ef samtökin sameinast öðrum hliðstæðum samtökum.

12. gr.

12.1. Með samþykktum þessum eru úr gildi fallin eldri samþykktir samtakanna.